

Svar

félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn
frá Diljá Mist Einarsdóttur um stoðþjónustu.

1. Hversu margir starfsmenn á vegum ráðuneytisins starfa við stoðþjónustu? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneyti, undirstofnunum þess og starfseiningum.
Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda stöðugilda og fjölda einstaklinga sem starfa við stoðþjónustu eftir stofnunum.

Stofnun/ráðuneyti	Stöðugildi	Fjöldi
Félags- og húsnæðismálaráðuneyti	3	3
Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála	3,5	5
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	4,5	5
Ríkissáttasemjari	1,2	4
Tryggingastofnun	17	17
Umboðsmaður skuldara	0	0
Úrskurðarnefnd velferðarmála	0	0
Vinnueftirlitið	12,3	13
Vinnumálastofnun	19	19
Sjónstöðin	0	0
Skipulagsstofnun	3	3

2. Að hve miklu leyti nýta viðkomandi einingar sér stoðþjónustu Fjársýslu ríkisins?
Fjársýsla ríkisins sér um launagreiðslur fyrir ríkisstofnanir. Í eftirfarandi töflu má sjá aðra þjónustu sem stofnanir nýta sér hjá Fjársýslu ríkisins.

Stofnun/ráðuneyti	Þjónusta Fjársýslu ríkisins
Félags- og húsnæðismálaráðuneyti	Stoðþjónusta á sviði bókhalds, launa og kjaramála og mannauðsráðgjöf.
Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála	Bókhaldsþjónusta, greiðsluþjónusta, innheimta og gjaldeyrisfærslur.
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Mannauðstorg, Akra og innkaupaþjónusta.
Ríkissáttasemjari	Bókhaldsþjónusta og greiðsluþjónusta.
Tryggingastofnun	Stoðþjónusta vegna Oracle-kerfa, ráðgjöf vegna launa- og mannauðsmála, bókhalds- og áætlanagerðar og aðstoð við opinber útboð vegna innkaupa.
Umboðsmaður skuldara	Bókhaldsþjónusta og greiðsluþjónusta.
Úrskurðarnefnd velferðarmála	Launa- og bókhaldsþjónusta.
Vinnueftirlitið	Bókhaldsþjónusta, kaup á vöru og þjónustu, mannauðsráðgjöf.

Stofnun/ráðuneyti	Þjónusta Fjársýslu ríkisins
Vinnumálastofnun	Greiðsluþjónusta, bókhaldsþjónusta, kjaramál, mannauðsráðgjöf, upplýsingatorg, þjónustukerfi og innkaupaþjónusta.
Sjónstöðin	Mannauðsráðgjöf, greiðsla og innheimta reikninga.
Skipulagsstofnun	Bókhaldsþjónusta og Vinnustund.